

Tuttugastiogþriðji fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar Fundurinn haldinn 20. mars 2014 kl. 8.30 við Hlíðarveg.

Mættir: Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir foreldrafulltrúi, Sigurður Ægisson fulltrúi foreldrafélags, Fyrir hönd nemendaráðs skólans mættu Ívan Darri Jónsson og Þórey Vala Friðfinnsdóttir. Fyrir hönd kennara mætti Brynhildur Vilhjálmsdóttir. Ríkey Sigurbjörnsdóttir aðstoðarskólastjóri og Jónína Magnúsdóttir skólastjóri stjórnaði fundi.

1. Fundargerð

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Svar frá Fjallabyggð við erindi Skólaráðs

Bréf barst frá Fjallabyggð með svari dagsettu 20. febrúar við fyrirspurn Skólaráðs um greiðslu fyrir setu í skólaráði. Niðurstaða bæjarráðs Fjallabyggðar er sú að það telur ekki ástæðu til að greiða fyrir setu í ráðinu. Skólaráð er lögbundin nefnd, en telst ekki til stjórnáslunefndar þar sem hún er ekki bær til að taka stjórnvaldsákvæðanir. Upplýsingar liggja fyrir um að sveitarfélög eru almennt ekki að greiða foreldrum fyrir setu í skólaráði.

Foreldrafulltrúi í skólaráði er ósáttur við niðurstöðu bæjarráðs þar sem fordæmi eru fyrir slíkri greiðslu og þessi nefnd er lögbundin þó hún sé ekki bær að taka stjórnásluákvæðanir. Til að gæta jafnræðis gagnvart öðrum nefndum á vegum sveitarfélaga hvort sem þær taka stjórnásluákvæðanir eða ekki telur foreldrafulltrúinn rétt að þessi ákvörðun bæjarráðs verði endurskoðuð. Endurskoðun gæti einnig stuðlað að því að aukvelda skólastjóra að fá hæft og áhugasamt fólk til að vinna í skólaráði. Skólaráð ákveður að senda erindið til Landsamtaka foreldra Heimili og skóli, til upplýsinga og frekari umfjöllunar.

Fulltrúar nemenda viku af fundi

3. Niðurstöður Olweuskönnunar

Farið var yfir samantekt á niðurstöðum Olweuskönnunar frá því í nóvember sl. Einnlisteymi skólans hefur tekið saman helstu niðurstöður sem Þorlákur Helgason framkvæmdastjóri Olweusarverkefnisins á Íslandi túlkaði að beiðni skólastjóra. Niðurstöðurnar verða birtar á heimsíðu skólans á næstu dögum.

4. Önnur mál

- Rætt um byggingaframkvæmdir við Norðurgötu sem virðast ganga vel. Farið er að huga að búnaðarkaupum.
- Skóladagatal næsta skólaárs er unnið í samvinnu við Dalvíkurskóla og Árskógarskóla með það fyrir augum að samræma vetrarfrí á Tröllaskaga.

Fundi slitið kl. 9.45

Jónína Magnúsdóttir skólastjóri.